**Nd.** **63. Tillaga**

til þingsályktunar um rjett landssjóðs til fossa o. fl. í afrjettum.

Flutningsmaður: Gísli Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfjelagsins og rjettar landssjóðs til fossa og annara verðmæta í almenningum landsins og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga, með því

1. að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það, hve langt yfirráðarjettur sýslu- og hreppafjelaga yfir afrjettunum nái samkvæmt þeim notum, er tíðkast hafa frá fornu fari (svo sem upprekstur, beit, fjallagrös, rótargröftur, skógarhögg, veiði), og gefa síðan hlutaðeigendum það til vitundar.

2. að láta fram fara rifting á öllum samningum, er sýslur eða hreppar kunna að hafa gert við einstaka menn eða fjelög og í bága koma við rjett landssjóðs.